



E 13/2018

Fyrirspyrjandi Bente Stein Mathisen (H)
Til ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um 10. sjálfbærnimarkmiðið um að draga úr ójöfnuði
Þriðjudaginn 25. september 2018 voru þrjú ár liðin frá því að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt. Árið 2017 skuldbundu samstarfsráðherrar Norðurlanda sig til að fylgja eftir heimsmarkmiðunum á norrænum vettvangi, meðal annars með áætluninni „2030-kynslóðinni“ þar sem mörg hinna sautján heimsmarkmiða eru í brennidepli. Aftur á móti er 10. markmiðið um að draga úr ójöfnuði ekki að finna í þeirri áætlun.

Í heimi þar sem misskipting í samfélaginu eykst hyggst Norræna velferðarnefndin líta nánar á einmitt þetta markmið. Til dæmis var vakin athygli á auknum tekjumuni í Nordic Economic Policy Review 2018: Increasing Income Inequality þar sem tekið var fram að munurinn á Norðurlöndum hafi aukist meira en í flestum öðrum OECD-löndum frá 10. áratug síðustu aldar.

Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa hver fyrir sig gert framkvæmdaáætlun til að ná heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun. Í Svíþjóð var ákveðið að vinna að öllum markmiðunum sautján og einnig stuðla að því á alþjóðavettvangi að markmiðunum verði náð í sameiningu, en til dæmis er misskiptingar ekki getið einu orði í dönsku framkvæmdaáætluninni. Í þeirri norsku segir að torvelt geti orðið að minnka muninn frekar.

Sem formaður Norrænu velferðarnefndarinnar vil ég gjarnan vita nánar hvað ríkisstjórnir landanna gera í því skyni að hamla aukinni misskiptingu og framfylgja 10. heimsmarkmiðinu um að draga úr ójöfnuði?

Ósló, 15. október 2018

Bente Stein Mathisen (H)